



Grassláttur knattspyrnuvalla ÍTR

ÚTBOÐ nr. 15425

Útboðslýsing

Kaupandi:

Íþróttta- og tómstundasvið Reykjavíkur

Umsjónaraðili útboðs:

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Mars 2022

Efnisyfirlit

0.	ÚTBODSSKILMÁLAR.....	3
0.1	Almenn lýsing útbóðs.....	3
0.1.1	Útbóðsyfirlit og helstu dagsetningar.....	3
0.1.2	Upplýsingar um umsjónaraðila útbóðs.....	3
0.1.3	Útbóðsgögn.....	3
0.2	Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti.....	3
0.3	Kynningarfundur/ Vettvangsskoðun.....	4
0.4	Hæfi bjóðanda.....	4
0.4.1	Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda.....	4
0.4.2	Kröfur um hæfi vegna fjárhagssöðu.....	4
0.4.3	Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og fagleggrar getu.....	4
0.5	Fylgigögn bjóðanda með tilboði.....	5
0.6	Gerð, framsetning og afhending tilboðs.....	7
0.6.1	Tilboð í hluta.....	7
0.6.2	Fyrirvarar.....	7
0.6.3	Frávikstilboð.....	7
0.6.4	Afturköllun tilboða.....	7
0.7	Opnun tilboða.....	7
0.8	Forsendur fyrir vali tilboðs.....	7
0.9	Ástæður til útilokunar vegna persónulega aðstæðna.....	8
0.10	Samþykki tilboðs og samningur.....	8
1.	SAMNINGSSKILMÁLAR.....	9
1.1	Verðlagsgrundvöllur.....	9
1.2	Greiðslur.....	9
1.2.1	Rafrænir reikningar.....	9
1.2.2	UNSPSC vöuflokkun.....	10
1.3	Samskipti á samningstíma.....	10
1.4	Afhending og afhendingarskilmálar.....	10
1.5	Févíti.....	10
1.6	Óviðráðanleg ytri atvik.....	11
1.7	Ábyrgð og tryggingar.....	11
1.8	Misræmi í gögnum.....	11
1.9	Framsál réttinda.....	11
1.10	Skuldskeyting - undirverktaka.....	12
1.11	Laun, starfskjör og keðjuábyrgð.....	12
1.12	Persónuvemd.....	12
1.13	Ábyrg innkaup.....	12
1.14	Vanefndir og uppsögn.....	12
1.15	Lög og reglugerðir.....	13
1.16	Ágreiningsmál.....	13
1.17	Gildistími samnings.....	13
2.	VERKLÝSING.....	14
2.1	Inngangur.....	14
2.1.1	Almennt yfirlit yfir verkið.....	14
2.1.2	Framkvæmdasvæði.....	15
2.1.3	Framkvæmdatími, magn og sláttutíðni.....	15
2.1.4	Öryggi á framkvæmdasvæðum.....	15
2.1.5	Umgengni á framkvæmdasvæði.....	15
2.1.6	Tilhögun vinnutíma – sérstakir dagar.....	16
2.1.7	Vélabúnaður, réttindi og tryggingar.....	16
2.1.8	Verkátlanir.....	17
2.2	Grassláttur.....	18
2.2.1	Almennt.....	18
2.2.2	Aðalvellir – Keppnisvellir (sláttustig 1).....	18
2.2.3	Æfingarsvæði / Keppnisvellir (sláttustig 2).....	19
2.3	Upplýsingar um velli.....	20

0. Útboðsskilmálar

Í útboðsskilmálum koma fram upplýsingar um innkaupaferlið og þær reglur sem fylgt verður við framkvæmd innkaupaferilsins. Einnig eru settar fram kröfur um hæfi sem bjóðanda ber að uppfylla samkvæmt nánari skilgreiningu í útboðsgögnum.

0.1 Almenn lýsing útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd Innkaupaskrifstofa), f.h. Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur (hér eftir nefndur kaupandi) óskar eftir tilboðum í grasslátt á knattspyrnuvöllum samkvæmt þessum útboðsgögnum. Verkið nær til þriggja ára, þ.e. 15. apríl – 1. Október 2022, 2023 og 2024. Áætluð heildarstærð svæða er um 16 ha. Um er að ræða almennt útboð þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- Útboð auglýst á EES: Já
- Fyrirspurnarfrestur bjóðanda: 4. apríl 2022 kl. 14:00
- Svarfrestur kaupanda: 7. apríl 2022 kl. 14:00
- Opnunartími og tilboðsfrestur rennur út: 13. apríl 2022 kl. 10:00
- Tilboð skulu gilda í 8 vikur frá opnunardegi tilboða.

0.1.2 Upplýsingar um umsjónaraðila útboðs

Innkaupaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14

105 Reykjavík

Ísland

Sími:

411-1040

Netfang Innkaupaskrifstofu:

utbod@reykjavik.is

Útboðsvefur Reykjavíkurborgar:

<http://utbod.reykjavik.is>

Vefsíða Innkaupaskrifstofu:

<http://reykjavik.is/utbod>

0.1.3 Útboðsgögn

- Útboðslýsing þessi nr. 15425.
- Tilboðsbók nr. 15425 (Excel skjal sem inniheldur Tilboðsblað, Tilboðsskrá, Sláttuáætlun, Tækjaskrá og Mannaflaskrá.
- Viðaukar sem sendir eru út af innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út, ef við á, í samræmi við kafla **Error! Reference source not found.**

Hér eftir verður vísað til allra ofangreindra útboðsgagna sem Útboðsgögn nr. 15425.

0.2 Fyrirspurnir, viðaukar og önnur samskipti

Öll samskipti skulu fara fram með skriflegum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar í gegnum flipann „Samskipti/Correspondence“ fyrir þetta útboð á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í þeim sem getur haft áhrif á tilboðsfjárhæðina, skal hann þá senda Innkaupaskrifstofu

skriflega fyrirspurn með hæfilegum fyrirvara miðað við eðli fyrirspurnar eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan fyrirspurnarfrest. Fyrirspurnir sem berast síðar verða ekki teknar til greina.

Bjóðandi er hvattur til þess að kynna sér útboðsgögnin vel og nýta sér fyrirspurnir til þess að koma á framfæri athugasemdum sem hann hefur við gögnin.

Viðaukar við útboðsgögn sem geta innihaldið svör við fyrirspurnum, breytingar á útboðsgögnum eða aðrar viðbótarupplýsingar verða birtir á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Bjóðendur bera ábyrgð á því að fylgjast með framkvæmd útboðsins á útboðsvefnum.

0.3 Kynningarfundur/Vettvangsskoðun

Ekki verður boðið upp á kynningarfund eða vettvangsskoðun í þessu útboði en bjóðendum er frjálst að skoða aðstæður á þeim svæðum sem verkefnið nær til.

0.4 Hæfi bjóðanda

0.4.1 Kröfur um hæfi vegna starfsréttinda

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna starfsréttinda til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna starfsréttinda verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðendur skulu vera skráðir í fyrirtækjaskrá. Þegar um er að ræða fyrirtæki frá öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eða aðildarríkjum stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal fyrirtæki sýna fram á fullnægjandi skráningu í heimaríki sínu með vottorði.

0.4.2 Kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna fjárhagsstöðu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna fjárhagsstöðu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld.

Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Bjóðandi skal vera með jákvætt eigið fé.

Bjóðandi skal vera með ársveltu sem nemur að lágmarki 80% af tilboðsfjárhæð bjóðanda án virðisaukaskatts.

0.4.3 Kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu

Gerðar eru eftirtaldar kröfur um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu til bjóðenda og gilda þær fyrir alla hluta útboðsins nema annað sé tekið fram. Uppfylli bjóðendur ekki kröfur útboðsgagna um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu verður tilboðum þeirra hafnað.

Bjóðandi skal hafa reynslu og fagþekkingu af sambærilegum verkum af sambærilegri stærð. Með sambærilegu verki er átt við grasslátt á knattspyrnuvöllum, keppnis og æfingavöllum. Skv. skilgreiningu KSÍ. Til uppfyllingar hæfisskilyrða skal bjóðandi sýna fram á reynslu á síðastliðnum 5 árum í slætti með keflasláttuvélum á svæðum sem skilgreind eru sem knattspyrnuvellir, þ.e. með lágri sláttuhæð (24-27 mm). Stærð svæðis skal nema að lágmarki 60% af heildar umfangi þessa verks.

Bjóðandi skal skila upplýsingum um önnur sambærileg verkefni fyrirtækisins þar sem fram koma upplýsingar um verkin sem fyrirtækið hefur unnið, nöfn, staðsetning og stærðir valla, fjárhæðir og framkvæmdatíma. Gefa skal upp nöfn tengiliða hjá viðkomandi verkkaupum.

0.4.3.1 *Hæfi starfsmanna, menntun og þekking:*

- Starfsmenn bjóðanda skulu hafa reynslu í grasslætti á knattspyrnuvöllum eða golfvöllum í a.m.k. 6 mán. Skila skal upplýsingum um lykilstarfsmenn fyrirtækisins sem munu framkvæma verkið ásamt upplýsingum um starfsreynslu þeirra í sambærilegum verkefnum.
- Gerð er krafa um að yfirstjórnandi verksins hafi menntun á sviði grasvallaviðhalds, þ.e. Greenkeeper-, Groundsman- eða sveinspróf í skrudgarðyrkju. Skila skal afriti af prófskírteini yfirstjórnanda til staðfestingar (sjá kafla 0.5).
- Starfsmenn sem sinna slætti skulu hafa réttindi á þær vélar sem notaðar eru.
- Athugið að ekki er heimilt að skipta um starfsmenn á verktíma nema með samþykki fulltrúa verkkaupa og skal þá leggja fram samsvarandi gögn fyrir þá starfsmenn sem koma í stað hinna.

Athugið. Rík áhersla er á það lögð að bjóðendur skili öllum umbeðnum upplýsingum með tilboði sínu, enda er áskilinn réttur til að hafna þeim tilboðum sem ónógar upplýsingar fylgja.

Tilboði bjóðanda verður hafnað ef hann uppfyllir ekki framangreindar hæfiskröfur. Verkkaupi metur tilboð bjóðanda m.a. af ofangreindum upplýsingum og eru þær bindandi fyrir þann bjóðanda sem samið verður við og honum óheimilt að víkja frá þeim án samþykkis verkkaupa.

Kaupandi áskilur sér rétt til að vísa frá tilboðum bjóðenda sem hafa ekki staðið sig við framkvæmd fyrri og/eða yfirstandandi samninga við kaupanda/opinbera kaupendur. Við mat á því hvort framangreindri heimild verði beitt verður m.a. litið til upplýsinga og gagna kaupanda/opinberra kaupenda um erfið samskipti bjóðanda við kaupanda og/eða eftirlitsaðila á samningstíma, ítrekuð eða alvarlegt brot bjóðanda á ákvæðum samnings aðila við framkvæmd samnings, tafir o.fl.

Við mat kaupanda á hæfi og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er kaupanda heimilt að taka tillit til hæfi og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af tilteknu verkefni og leggja slíkt hæfi og reynslu að jöfnu við hæfi og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

0.5 Fylgigögn bjóðanda með tilboði

Eftirfarandi gögn skulu fylgja með tilboði bjóðanda.

A. Upplýsingar um hæfi vegna starfsréttinda, sbr. kafla 0.4.1

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu afriti af skráningu úr fyrirtækjaskrá eða sambærilegu vottorði frá heimaríki sínu.

B. Upplýsingar um hæfi vegna fjárhagsstöðu, sbr. kafla 0.4.2

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu viðkomandi yfirvalds á að bjóðandi sé í skilum með opinber gjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu staðfestingu frá lífeyrissjóði/sjóðum á að bjóðandi sé í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld. Staðfesting skal vera dagsett innan 30 daga fyrir opnun tilboða að þeim degi meðtöldum.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu síðastgerðum ársreikningi, eigi eldri en tveggja ára. Framlagður ársreikningur skal vera endurskoðaður og áritaður af löggiltum

endurskoðanda án fyrirvara um rekstrarhæfi bjóðanda. Sé síðastgerður ársreikningur ekki endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda er heimilt að leggja fram yfirlýsingu frá löggiltum endurskoðanda um jákvæða eiginfjárstöðu umsækjanda. Slík yfirlýsing skal miða við stöðu umsækjanda eigi fyrr en 10 dögum fyrir opnunartíma tilboða og eigi síðar en degi fyrir opnunartíma tilboða.

C. Upplýsingar um hæfi vegna tæknilegrar og faglegrar getu, sbr. kafla 0.4.3

- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um sambærilegt verk sem bjóðandi hefur unnið á s.l. fimm árum. Stærð svæðis skal nema að lágmarki 60% af umfangi þessa verks. Með sambærilegu verki er átt við grasslátt með keflasláttuvél á svæðum sem skilgreind eru sem knattspyrnuvöllir, sláttuhæð undir 27 mm.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um starfsmenn sem munu framkvæma verkið og staðfestingu á að þeir hafi reynslu í grasslætti á golf- eða knattspyrnuvöllum. Skila skal upplýsingum um starfsreynslu.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um að yfirstjórnandi verksins hafi lokið menntun á sviði grasvallaviðhalds, þ.e. Greenkeeper-, Groundsman- eða sveinspróf í skrúðgarðyrkju. Skila skal afriti af prófskírteini.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu leggja skal fram upplýsingar um vinnuvélaréttindi viðkomandi starfsmanns.
- ✓ Bjóðandi skal skila með tilboði sínu upplýsingum um þann sérhæfða sláttubúnað sem hann hyggst nota í verkinu, sjá tilboðsbók.

D. Upplýsingar um laun, starfskjör og keðjuábyrgð, sbr. kafla 1.11

- ✓ Bjóðandi skal skila undirritaðri yfirlýsingu um ábyrgð sína varðandi það að hann tryggi og beri ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

E. Upplýsingar er varða verkefnið

- ✓ Útfyllt og undirritað tilboðsblað (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tilboðsskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð tækjaskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
- ✓ Útfyllt og undirrituð mannaflaskrá (sjá tilboðsbók í Excel-skjali)
 - Afrit af prófskírteinum skulu einnig fylgja.
- ✓ Upplýsingar um fyrirtækið og helstu stjórnendur þess

Ekki er tryggt að merktir liðir séu tæmandi listi yfir gögn sem bjóðendum ber að skila og er rík skylda lögð á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir upplýsingum sem varða verkefnið.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboðum sínum. Geri þeir það ekki kann það að valda ógildingu tilboðs.

0.6 Gerð, framsetning og afhending tilboðs

Tilboð skal sett fram í tilboðsbók og skilað ásamt umbeðnum gögnum með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar. Ekki er hægt að skila inn tilboðum eftir að tilboðsfrestur er útrunninn.

Bjóðandi skal í tilboði sínu gera ráð fyrir öllum kostnaði og gjöldum sem hann skal bera, hvaða nafni sem þau nefnast, sem hljótask af vegna verkefnisins eins og því er lýst í þessum útboðsgögnum. Tilboðsfjárhæðir skulu tilgreindar án virðisaukaskatts.

Sé ósamræmi á milli tilboðsskrár og tilboðsblaðs verða tilboð leiðrétt m.t.t. tilboðsskrár.

Kaupandi áskilur sér rétt til að hafna þeim tilboðum sem ekki eru sett fram samkvæmt útboðsgögnum þessum.

Kaupandi mun ekki greiða fyrir kostnað bjóðanda sem hlýst vegna þátttöku og tilboðsgerðar í þessu útboði.

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku og/eða ensku.

Innkaupaskrifstofa mælir með því að bjóðandi kynni sér útboðsvef Reykjavíkurborgar. Innkaupaskrifstofa getur ekki tryggt að bjóðandi fái aðstoð við notkun á útboðsvef. Innkaupaskrifstofa mun leitast við að aðstoða bjóðanda við notkun á útboðsvef enda berist ósk þar um með hæfilegum fyrirvara eða eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir viðkomandi tímafrest.

0.6.1 Tilboð í hluta

Á ekki við.

0.6.2 Fyrirvarar

Bjóðanda er óheimilt að gera hvers kyns fyrirvara við tilboð sitt. Innihaldi tilboð fyrirvara án þess að slíkt sé heimilað verður viðkomandi tilboði hafnað.

0.6.3 Frávikstilboð

Frávikstilboð eru óheimil.

0.6.4 Afturköllun tilboða

Bjóðandi getur afturkallað tilboð sitt á útboðsvef Reykjavíkurborgar áður en tilboðsfrestur rennur út.

0.7 Opnun tilboða

Tilboð verða opnuð rafrænt eftir að tilboðsfrestur rennur út.

Opnun tilboða fer fram á opnunarfundi með rafrænum hætti á útboðsvef Reykjavíkurborgar.

Á opnunarfundi verða lesin upp nöfn bjóðenda, heildartilboðsupphæð og hvort tilboð séu sett fram sem frávikstilboð og skráð í fundargerð opnunarfundar. Fundargerðin ásamt samantekt sem inniheldur frekari upplýsingar af tilboðsblöðum bjóðenda verður birt opinberlega á vefsíðu Innkaupaskrifstofu eftir opnun tilboða.

Opnunarfundur fer fram í Borgartúni 12-14. Vegna aðstæðna í samfélaginu verður bjóðendum ekki boðið að vera viðstaddir opnunarfund, sjá má niðurstöðu í fundargerð opnunarfundar á vefslóðinni <https://reykjavik.is/opnun-tilboda-2022>.

0.8 Forsendur fyrir vali tilboðs

Samið verður við þann aðila sem á hagkvæmasta gilda tilboð á grundvelli lægsta verðs.

Tilboð bjóðanda telst óaðgengilegt ef bjóðandi býður hærra verð en kostnaðaráætlun kaupanda gerir ráð fyrir. Kaupandi áskilur sér þó rétt til að taka tilboði sem er hærra en kostnaðaráætlun eftir því sem við á.

Kaupandi áskilur sér rétt til að kalla eftir skýringum, upplýsingum eða boða til skýringarfundar með bjóðanda ef gögn sem bjóðandi leggur fram virðast ófullkomin eða ef tiltekin skjöl vantar, þannig að kaupandi geti betur lagt mat á tilboð bjóðanda með tilliti til lágmarkskrafna og hæfi bjóðanda.

0.9 Ástæður til útilokunar vegna persónulegra aðstæðna

Sé kaupanda kunnugt um að bjóðandi hafi á opnunardegi tilboðs, verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir spillingu, sviksemi, peningaþvætti, hryðjuverk, brot sem tengjast hryðjuverkastarfsemi, mansali eða þátttöku í skipulögðum glæpasamtökum skal bjóðandi útilokaður frá gerð opinbers samnings. Skylda til að útiloka bjóðanda gildir einnig þegar einstaklingur, sem hefur verið sakfelldur með endanlegum dómi fyrir framangreind brot, er í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi fyrirtækis eða hefur heimild til fyrirsvars, ákvörðunartöku eða yfirráða á því.

Heimilt er að útiloka bjóðanda frá samningum ef eitthvað af tilvikum sem nefnd eru í 4. og 6. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016 eiga við um hann.

Við mat á því hvort skilyrði 3., 4. og 6. mgr. 68. gr. laga um opinber innkaup eigi við um bjóðanda skal litið til þess hvort um sé að ræða sömu rekstrareiningu, með sömu eða nær sömu eigendur í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi á sama markaði, án tillits til þess hvort fyrirtækið hafi skipt um kennitölu eða verið stofnað að nýju. Í þessu skyni er heimilt að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda.

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós atvik samanber ofangreind ákvæði eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur kaupandi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

0.10 Samþykki tilboðs og samningur

Tilboð verður samþykkt skriflega innan gildistíma þess og telst þá kominn á bindandi samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs bjóðanda.

Eftir að samningur er kominn á verður samningsform undirritað, sjá fylgiskjal 2.

1. Samningsskilmálar

Í samningsskilmálum er kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila þegar tilboð hefur verið endanlega samþykkt og eftir að kominn er á bindandi samningur að loknu innkaupaferli. Sá aðili sem kaupandi semur við að loknu innkaupaferli er hér eftir kallaður „þjóðandi“.

1.1 Verðlagsgrundvöllur

Leggja skal fram tilboð í íslenskum krónum. Öll tilboðsverð skulu sett fram án virðisaukaskatts.

Tilboð skal miða við fast einingaverð. Grunnvísitala skal miðast við opnunardag tilboða. Verkið verðbætist ekki á árinu 2022. Verðbætur vegna áranna 2023 og 2024 skulu reiknaðar út frá breytingu á byggingarvísitölu frá opnunardegi tilboða þar til í apríl hvert ár.

1.2 Greiðslur

Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við dagsetningu reiknings. Ef reikningur er ekki sendur samkvæmt forskrift eða ber ekki með sér nægar upplýsingar til að staðfesta réttmæti hans gildir ekki fyrirheit um greiðslufrest.

Þó Reykjavíkurborg greiði reikninga samkvæmt gjaldskrá sem ekki er staðfest af kaupanda felst ekki í því viðurkenning á nýrri gjaldskrá. Komi slíkt í ljós áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til skuldajöfnunar á grundvelli gildandi gjaldskrár.

Seljendur sem vilja grennslast fyrir um stöðu reikninga sinna hjá Reykjavíkurborg snúi sér til Fjármála- og áhættustýringarsviðs í síma 411-1111 eða tölvupóstfang: bokhald@reykjavik.is.

1.2.1 Rafrænir reikningar

Seljandi skal senda reikning vegna verkefnisins eftir að vara, þjónusta eða verk hefur verið afhent og samþykkt af kaupanda.

Ekki skulu koma fram á reikningi gjöld sem ekki tengjast seldri vöru eða þjónustu, s.s. seðil- eða þjónustugjöld.

Allir reikningar til Reykjavíkurborgar skulu vera á rafrænu formi. Skulu þeir fylgja gildandi tækniforskriftum frá Staðlaráði Íslands fyrir rafræna reikninga.

Upplýsingar er varða rafræna reikninga má nálgast á vef Reykjavíkurborgar: <http://reykjavik.is/sjalfvirkir-rafraenir-reikningar>.

Reikningur skal ávallt innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- Kennitala kaupanda: **530269-7609 (Reykjavíkurborg – Aðalsjóður)**
- Kostnaðarstaður/deild: **I5400**
- Verknúmer og/eða verkþáttur: **Grassláttur knattspyrnuvalla**
- Númer samnings/útboðsnúmer: **15425**
- GLN kennitala: **5699112305582**
- Sundurliðun á vöru og/eða þjónustu, magn og eining
- Listaverð án vsk., afsláttarprósenta og afsláttarverð án vsk.
- UNSPSC númer: **70111710**
- Aðrar lögbundnar upplýsingar

Rafræna reikninga skal senda þann dag sem dagsetning reiknings segir til um.

Reykjavíkurborg áskilur sér rétt til að hafna reikningum sem uppfylla ekki framangreind skilyrði.

Ef nánari upplýsinga er óskað vegna rafrænna reikninga má hafa samband við Agresso sérfræðinga Fjármála- og Áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar í síma 411-1111 eða senda fyrirspurn á netfangið: rafraenir.reikningar@reykjavik.is.

Bjóðendur skulu gera ráð fyrir öllum kostnaði vegna útgáfu og sendingu rafrænna reikninga í tilboðsverði sínu, þ.m.t. sundurliðun reikninga.

1.2.2 UNSPSC vöruflokkun

UNSPSC (United Nations Standard Product and Services Code®) er alþjóðlegt flokkunarkerfi fyrir vörur og þjónustu. UNSPSC flokkunin hentar fyrir allar gerðir framleiðsluvara og þjónustu í öllum greinum atvinnulífs. UNSPSC staðallinn er opin staðall og er aðgengilegur aðilum án kostnaðar. Uppbygging UNSPSC vöruflokkunarstaðals sameinuðu þjóðanna:

- Vöruhópur (Segment): 10000000
- Flokkur (Family): 10100000
- Tegund (Class): 10101500
- Vara (Commodity): 10101501

Reykjavíkurborg gerir kröfu til seljanda að í öllum línum rafræns reiknings komi fram UNSPSC númer samkvæmt upplýsingum um rafræna reikninga.

Nánari upplýsingar um UNSPSC flokkunarkerfið má nálgast á <https://www.unspsc.org/>.

1.3 Samskipti á samningstíma

Þegar kominn er á samningur mun kaupandi annast samskipti við seljanda á samningstímanum.

Kaupanda er heimilt að óska eftir minniháttar breytingum á verkefninu og skulu aðilar semja sérstaklega um breytingar og greiðslur vegna þeirra áður en þær koma til framkvæmda. Á sama hátt er seljanda heimilt að óska breytinga, svo fremi að þær hafi engin áhrif á starfsemi kaupanda. Allar óskir um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum, skulu aðilar tilkynna skriflega með hæfilegum fyrirvara í samræmi við eðli verkefnisins.

Samningur um breytingar, framhaldskaup, ný verkefni eða niðurfellingu á kaupum skal vera skriflegur og undirritaður af samningsaðilum.

1.4 Afhending og afhendingarskilmálar

Vísað er til ákvæða og skilmála sem gilda um samþykktá verkáætlun þegar kemur að afhendingu á þjónustu.

1.5 Féviti

Bjóðandi skal ljúka öllu verki sínu og einstökum áföngum á tilskildum tíma samkvæmt samþykktri verkáætlun, sjá sláttuáætlun. Að öðrum kosti skal hann greiða verkkaupa tafabætur (dagsektir) er nema 80 þús.kr fyrir hvern almanaksdag sem skil einstakra áfanga dragast að uppgefnum fresti liðnum.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum eða öðru féviti. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjors.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur

ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Ákvæði þessa kafla skulu ekki takmarka kaupanda til að sækja frekari bóta sé þess þörf vegna dráttar á afhendingu skv. lögbundnum vanefndarúrræðum gangi þau lengra en ákvæði þetta.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita féviti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að rifta samningi ef verktaki sýnir ítrekaða og alvarlega vanrækslu og sinnir ekki viðvörunum verkkaupa.

1.6 Óviðráðanleg ytri atvik

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra orsaka (force majeure), t.d. viðskiptahamlana, flutningsskaða, eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands, hryðjuverka, hópshlysa, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða truflunar á fjarskiptum eða orkuveitum skal seljandi eða kaupandi tilkynna eins fljótt og við verður komist um slíkar aðstæður og skilgreina á hvaða hátt það hefur áhrif á samningsskyldur þeirra. Séu einhverjar af ofantöldum aðstæðum fyrir hendi skal ekki beita vanefndarúrræðum ef seljanda eða kaupanda er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar enda hafi slíkar aðstæður verið tilkomnar eftir gildistöku samnings og ekki fyrirsjáanlegar í aðdraganda samnings.

1.7 Ábyrgð og tryggingar

Seljandi skal vera með allar lögboðnar tryggingar í gildi sem eiga við um hans starfssemi.

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir, svo og því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa og/eða þriðja aðila á meðan verkið er unnið. Verktaka ber að kaupa og hafa í gildi tryggingu gagnvart slíku tjóni. Verktaki skal fylgja öllum reglum um öryggi á vinnustað til hins ítrasta, m.a. hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað.

1.8 Misræmi í gögnum

Lögð er rík skylda á bjóðendur að kynna sér gögnin rækilega. Ef seljandi verður var við ósamræmi í útboðsgögnum eftir að samningur er kominn á skal seljandi tafarlaust tilkynna kaupanda það til úrskurðar. Komi fram villur í útboðsgögnum, er seljandi eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Vanræki seljandi að tilkynna slíka villu áður en viðkomandi vara er afhent fellur réttur seljanda til bóta niður. Kaupandi á rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð sem leiða af framansögðu.

1.9 Framsal réttinda

Seljanda er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi sem gerður verður í framhaldi af útboði þessu nema með skriflegu samþykki kaupanda.

Seljanda er óheimilt að binda kaupanda á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á samningstímanum. Einnig er seljanda óheimilt, án sérstaks samþykkis kaupanda, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkefninu og kaupandi hefur greitt fyrir.

Vara sem kaupandi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrrvara frá seljanda vörunnar, án sérstaks samþykkis kaupanda.

1.10 Skuldskeyting - undirverktaka

Seljanda er óheimilt, án samþykkis kaupanda, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Feli seljandi undirverktaka að taka að sér einstaka þætti, í kjölfar samþykktar kaupanda, skal tilkynna það kaupanda og breytast í engu skyldur seljanda gagnvart kaupanda.

1.11 Laun, starfskjör og keðjuábyrgð

Seljandi skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsmenn samningsaðila, undirverktaka eða starfsmannaleigu, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysaftryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Einnig skal seljandi tryggja með virku eftirliti að starfsmenn undirverktaka og starfsmannaleigu fái viðeigandi laun og réttindi í samræmi við framangreint.

Þá skal kaupanda heimilt að greiða vangoldnar greiðslur til undirverktaka og annarra starfsmanna, sem svarar til launatengdra greiðslna, á kostnað seljanda standi hann ekki í skilum með slíkar greiðslur sbr. 42. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar.

Efni seljandi ekki samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði þessa kafla er kaupanda heimilt að beita ákvæðum sem fram koma í kafla 1.5 og í kafla 1.14.

1.12 Persónuvernd

Reykjavíkurborg hefur það að markmiði að tryggja í hvívetna áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga sem unnið er með á vegum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur því sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (persónuverndarlaga). Lögin eru byggð á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (almenna persónuverndarreglugerðin) eða „GDPR“.

Í útboðsgögnum þessum er ekki gert ráð fyrir að bjóðendum verði falin vinnsla persónuupplýsinga á vegum Reykjavíkurborgar sem ábyrgðaraðila í skilningi 7. tl. 3. gr. persónuverndarlaga nr. 90/2018 á samningstímanum. Komi upp síðar á gildistíma samnings að slík vinnsla persónuupplýsinga verði þörf skal engin vinnsla fara fram af hálfu vinnsluaðila fyrr en búið er að gera grein fyrir umfangi vinnslu persónuupplýsinga og heimildum til vinnslu þeirra samkvæmt ákvæðum persónuverndarlaga í vinnslusamningi samkvæmt 25 gr. laganna og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vinnsluaðila lögum samkvæmt.

Persónuverndarstefnu Reykjavíkurborgar má sjá í heild sinni á heimasíðu Reykjavíkurborgar: <https://reykjavik.is/personuvernd>.

1.13 Ábyrg innkaup

Sem hluti af ábyrgum innkaupum Reykjavíkurborgar hafa verið settar fram stefnur í ýmsum málaflokkum.

1.14 Vanefndir og uppsögn

Seljandi skal í einu og öllu rækja samningsskyldur sínar í samræmi við ákvæði útboðsgagna þessa. Vanefni hann þær, er kaupanda heimilt að fella niður greiðslur eða beita öðrum lögformlegum vanefndaúrræðum.

Kaupandi áskilur sér rétt til að rifta samningi án fyrirvara ef seljandi getur ekki sýnt fram á fullnægjandi staðfestingu þess efnis, innan fimm daga frá því að samningur kemst á, að tækjabúnaður sem talinn er fram í tækjaskrá í tilboði hans sé til umráða eða verði til umráða áður en verkefnið hefst samkvæmt samþykktri verkáætlun. Kaupandi getur því gengið að næsta hagkvæmasta tilboði í kjölfar þessa útboðs ef seljandi getur ekki sýnt fram á staðfestingu í samræmi við framangreint.

Verði kaupandi fyrir tjóni af völdum vanefnda seljanda er seljandi að fullu ábyrgur fyrir bótum vegna þessa samkvæmt ákvæðum laga.

Leiti seljandi nauðasamninga, greiðslustöðvunar eða sé óskað gjaldþrotaskipta á búi hans eða ef gert er árangurslaust fjárnám hjá honum hvenær sem er á samningstímanum getur kaupandi án frekari fyrirvara sagt samningi upp.

Verði um ítrekaðar eða verulegar vanefndir af hálfu seljanda að ræða getur kaupandi sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Hvenær sem er á samningstíma skal seljandi geta sýnt kaupanda fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart starfsmönnum séu uppfyllt í samræmi við kafla 1.11. Seljandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni þjónustunnar fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan fimm daga frá því að ósk um slíkt er borin fram af kaupanda getur kaupandi beitt févítum sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

Verði seljandi uppvís að brotum gegn keðjuábyrgð sinni samkvæmt kafla 1.11 1.11 skal kaupandi beita sektarákvæðum þar til seljandi hefur rétt hlut allra starfsmanna sem um ræðir. Kaupandi skal í þeim tilfellum beita féviti sem nemur 0,5% af heildarsamningsfjárhæð fyrir hvern dag sem ákvæði keðjuábyrgðar eru brotin eða sagt upp samningi án frekari fyrirvara.

1.15 Lög og reglugerðir

Seljandi skal lúta í einu og öllu ákvæðum íslenskra laga og reglugerða. Seljandi skal tryggja að afhent vara og/eða þjónusta sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og alþjóðlega samninga sem Ísland er aðili að á hverjum tíma út samningstímann.

1.16 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur út af verkefni því, sem þessi útboðslýsing fjallar um, skulu aðilar reyna sitt ítrasta til að ná sáttum og jafnvel leita formlegrar sáttamiðlunar hjá sáttamiðlara en að öðrum kosti skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur.

1.17 Gildistími samnings

Gildistími samnings er 3 ár og nær hann til þriggja tímabila, þ.e. frá 15. apríl til 1. október 2022, 2023 og 2024. Heimilt er að segja upp samningi með þriggja mánaða fyrirvara þó eigi fyrr en 1. október 2022.

Heimilt er, með samþykki beggja aðila, að framlengja samningi tvisvar sinnum um eitt tímabil, þ.e. 2025 og 2026. Heildarsamningstími getur þannig mest orðið fimm ár.

2. Verklýsing

Í verklýsingu koma fram upplýsingar um framkvæmd samningsins og er m.a. kveðið á um lágmarkskröfur varðandi gæði og afhendingu á samningstíma. Einnig er eftir atvikum kveðið á um skyldur og réttindi samningsaðila eftir að kominn er á bindandi samningur.

2.1 Inngangur

2.1.1 Almennt yfirlit yfir verkið

Verkið felur í sér grasslátt á knattspyrnuvöllum, æfinga- og keppnisvöllum, í Reykjavík.

Svæðin sem um ræðir eru:

- Ungmennafélagið Fjölnir, Dalhúsum.
- Knattspyrnufélagið FRAM, Safamýri og Úlfarsárdal.
 - Ath. nýr æfingavöllur í Úlfarsárdal getur bæst við samning árið 2023.
- Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli.
- Knattspyrnufélag Reykjavíkur, Frostaskjóli, Lambhaga og Starhaga.
- Kastsvæði í Laugardal.
- Íþróttafélagið Leiknir, Austurbergi.
- Knattspyrnufélagið Þróttur, Engjavegi.
- Knattspyrnufélagið Víkingur, Traðarlandi.

Svæðin koma einnig fram á loftmyndum, sjá slóðir á loftmyndir hér að neðan.

Um er að ræða aðalvelli (keppnisvelli) og æfingavelli með ólíkum sláttustigum, þ.e.a.s. vellirnir eru slegnir misjafnlega oft, m.t.t. sláttuþarfar og í samræmi við mótaskrá KSÍ. Sjá nánar í grein 2.2.1 og í sláttuáætlun.

Sláttustig	Stærðir m2	Meðalfjöldi á viku	Áætlaður heildarfjöldi 2022
Keppnisvellir	18.700	1-3	52
Æfingavellir	139.280	1-2	35

Ofangreindar viðmiðstölur um tíðni taka mið af notkun og tilgangi viðkomandi vallar. Magntölur og tíðni geta tekið breytingum á verktíma í samræmi við notkun hverju sinni. Einnig getur áburðargjöf, veðurfar, hiti, úrkoma o.fl. haft áhrif á vöxt grassins sem hefur áhrif á sláttutíðnina. (sjá nánar um sláttutíðni og magn í sláttuáætlun 2022).

Verkkaupi áskilur sér rétt til gera breytingar á tíðni slátta í samræmi við ofangreint, t.d. bæta við aukaslætti á viðkomandi svæði og skal þá greitt fyrir slegna m2 í samræmi við einingaverð verktaka vegna viðkomandi sláttustigs. Möguleg þörf á aukaslætti er mest í júlí og ágúst eða þegar grassprettan er yfirleitt mest. Verkkaupi áskilur sér einnig rétt til að fækka sláttuskiptum, t.d. í upphafi og lok tímabils, þ.e. ef grasvöxtur fer seint af stað og lýkur snemma (sjá nánar í grein 1.3).

Gert er ráð fyrir að sláttur hefjist í lok apríl ár hvert, háð leikfyrirkomulagi og grasvexti.

Gert er ráð fyrir að slætti ljúki í síðustu viku september (viku 39-40) háð leikfyrirkomulagi og grasvexti.

2.1.2 Framkvæmdasvæði

Staðsetning framkvæmdasvæða er skv. neðangreindum lista og má einnig sjá á loftmyndum, sjá slóðir hér að neðan.

- Ungmennafélagið Fjölnir, Dalhúsum.
- Knattspyrnufélagið FRAM, Safamýri og Úlfarsárdal.
- Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli.
- Kastsvæði í Laugardal.
- Íþróttafélagið Leiknir, Austurbergi.
- Knattspyrnufélagið Þróttur, Engjavegi.
- Knattspyrnufélagið Víkingur, Traðarlandi.

2.1.3 Framkvæmdatími, magn og sláttutíðni

Framkvæmdatími grassláttar er frá lok apríl til loka september 2022 eða í um 20 vikur.

Heildarfjöldi áætlaðra sláttuskipta á tímabilinu maí – september kemur fram í tilboðsskrá. Athugið að hér er um áætlun að ræða og verkkaupi áskilur sér rétt til breytinga á magni og tíðni, sbr. grein 1.3.

2.1.4 Öryggi á framkvæmdasvæðum

Gæta ber fyllsta öryggis við athafnir og störf og skal verktaki taka fyllsta tillit til þeirrar starfsemi sem á svæðunum er. Meðal annars skal sýna sérstaka aðgát gagnvart þeim sem stunda leik og æfingar á völlum. Ávallt skal framkvæma slátt í samstarfi við vallarstjóra og/eða forsvarsmann félagsliðs og skal hann látinn vita með góðum fyrirvara áður en svæði eru slegin svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir. Ekki er heimilt að hefja slátt á svæðum þar sem leikmenn eru við æfingar eða leik og skal vallarstjóri sjá til þess að svæði séu ávallt rýmd fyrir slátt.

Verktaki skal fylgja öllum leiðbeiningum vallarstjóra um akstur að völlum, m.a. hvar meggi leggja bílum, staðsetja kerrur, vélar og álíka. Einnig hvar meggi aka vélum inn á velli og út af völlum. Vallarstjóri gerir sláttumanni grein fyrir aðstæðum og búnaði á vellinum, t.d. um brunna, niðurföll, sprinklara eða annan búnað sem staðsettur er í grassvæðinu og þarf að taka tillit til.

Lokun götu fyrir umferð er óheimil nema með leyfi lögreglu og eftirlitsmanns hverju sinni. Ef lokun er heimiluð af eftirlitsmanni skal verktaki sjá um að afla heimildar lögreglu. Ef fyrirséð er að framkvæmdir geti tafið umferð slökkviliðs, skal verktaki sjálfur tilkynna þeim aðila það.

Verktaki skal annast og kosta allar öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegar eru.

Við allar öryggisráðstafanir skal verktaki fara eftir gildandi reglum Vinnueftirlits ríkisins.

Verktaki ber ábyrgð á að starfsmenn hans séu útbúnir öllum nauðsynlegum öryggis- og hlífðarfatnaði í samræmi við reglur vinnueftirlits.

Verktaki ber ábyrgð á því að starfsmenn hans hafi hlotið þjálfun á viðkomandi vélar, m.a. varðandi öryggisbúnað, og hafi tilskilin vinnuvélaréttindi.

Verktaki ber ábyrgð á því að vélar hans séu útbúnar með öllum nauðsynlegum öryggis- og hlífðarbúnaði og þær notaðar á réttan hátt.

2.1.5 Umgengni á framkvæmdasvæði

Lögð er rík áhersla á að umgengni á framkvæmdasvæði sé góð. Mikilvægt er að bjóðandi sýni sérstaka aðgát við framkvæmdir þar sem hér er unnið með lifandi efni. Fylgja skal leiðbeiningum um sláttuhæðir sem fram koma í greinum, 2.2.2 og 2.2.3. Valdi bjóðandi skemmdum á grassvæðum, t.d. með röngum slætti eða vélbúnaði skal hann bæta þær að fullu. Bætur eða lagfæringar skulu ákveðnar og/eða unnar í samráði við fulltrúa verkkaupa. Einnig skal bjóðandi sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir í nágrenni við önnur gróðursvæði, t.d. við trjá- og runnagróður. Bjóðandi skal bæta það tjón sem hann veldur að fullu og á það við um allan gróður sem og annað.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir bótagreiðslum við næstu greiðslu. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum kostnaði, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við framkvæmd lokauppgjors.

2.1.6 Tilhögun vinnutíma – sérstakir dagar

Heimilt er að vinna á tímabilinu 07:00 – 22:00 virka daga en 9:00 – 22:00 laugardaga, sunnudaga og aðra helga daga. Telji bjóðandi nauðsynlegt að vinna utan framangreinds vinnutíma skal hann leita samþykkis eftirlitsmanns og vallarstjóra.

Bjóðandi skal gera ráð fyrir, og taka mið af í tilboði sínu, að hluti vinnunnar fari fram á kvöldin og um helgar, m.a. í þeim tilfellum sem slegið er á leikdegi eða kvöldið fyrir leikdag.

Bjóðandi skal taka tillit til sérstakra daga hjá félagsliðum, t.d. þegar um mót eða aðra viðburði er að ræða og skal vallarstjóri eða fulltrúi félagsliðs þá láta bjóðanda vita um viðburði með góðum fyrirvara.

2.1.7 Vélabúnaður, réttindi og tryggingar

Aðeins er heimilt að nota vélar sem sérstaklega eru ætlaðar til sláttar á golf- og knattspyrnuvöllum.

Nota skal valsasláttuvélar (með 5-8 ljáum) stillanlegar fyrir 24-32 mm sláttuhæð. Valsasláttuvélar skulu vera útbúnar með rúllukeflum sem mynda rákir/strípur við slátt. Bjóðandi skal að lágmarki hafa yfir að ráða tveimur valsasláttuvélum (með rúllukeflum) sem hafa nægilega afkastagetu til að uppfylla sláttuáætlun verkkaupa.

Bjóðandi skal einnig hafa yfir að ráða sláttuvélar sem ætlaðar eru grófari grassvæðum, þ.e. vandaðar Kargasláttuvélar með láréttum ljá (rotary mower). Kargasláttuvél er aðeins notuð í undantekningartilfellum, t.d. ef um ójöfnur eða hátt gras er að ræða.

Mikilvægt er að bjóðandi búi yfir nægilegum fjölda véla til að geta sinnt verkinu áfallalaust, t.d. ef upp koma vélabilanir eða aðrir ófyrirséðir atburðir.

Athugið að ekki er heimilt að skipta um vélar á verktíma nema með samþykki fulltrúa verkkaupa og skal þá leggja fram samsvarandi gögn fyrir þær vélar sem koma í stað hinna.

Sláttubúnaður véla skal vera nákvæmur, rétt stilltur og vel brýndur. Vélarnar skulu útbúnar með breiðum grasdekkjum til að lágmarka þjöppun á yfirborði.

Bjóðandi skal yfirfara vélar sínar með reglulegum hætti. Gæta skal sérstaklega að leka, t.d. glussa-, bensín- eða olíuleka. Verði bjóðandi var við leka eða bilun í vél skal hún fjarlægð af grassvæði tafarlaust og gerðar viðeigandi ráðstafanir. Allt tjón sem bjóðandi veldur skal tilkynnt tafarlaust til fulltrúa verkkaupa og vallarstjóra.

Ljáir sláttukefla skulu vera rétt stilltir, m.t.t. sláttuhæðar og ávallt nýbrýndir í upphafi tímabils. Brýning á biti sláttukefla skal framkvæmd reglulega og skal bjóðandi gera ráð fyrir kostnaði



við brýningu í tilboði sínu. Eftirlitsaðila verkkaupa er heimilt að krefja verktaka um að brýna ljái ef þess er þörf.

Starfsmenn verktaka skulu hafa öll þau vinnuvélaréttindi sem nauðsynlegar eru á viðkomandi vélar.

Vélar sem notaðar eru í verkinu skulu skoðaðar og tryggðar í samræmi við gildandi lög og reglur. Bjóðandi skal skila inn afritum af skírteinum um réttindi starfsmanna, skoðunarskírteinum vinnuvéla og tryggingavottorðum sé þess óskað.

2.1.8 Verkáætlanir

Bjóðandi skal fylla út verkáætlun/sláttuplan vegna hvers mánaðar þar sem fram kemur hvernig slætti verður háttað í viðkomandi mánuði. Mánuðurnir sem um ræðir eru; maí, júní, júlí, ágúst og september. Í verkáætluninni skal koma fram á hvaða dögum bjóðandi mun framkvæma slátt hjá viðkomandi félagsliði og á hvaða völlum. Við gerð áætlunar skal tekið mið af sláttuáætlun verkkaupa og mótaskrá KSÍ. Verkkaupi mun senda verktaka sérstakt form/töflu til útfyllingar. Bjóðandi skal senda fulltrúa verkkaupa áætlunina til samþykktar hverju sinni. Athugið að gert er ráð fyrir slætti á keppnisvöllum á leikdegi eða daginn fyrir leikdag, sbr. grein 2.2.2 og 2.2.3.

Bjóðandi skal gera sitt ítrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna verkkaupa jafnóðum, ef út af bregður og af hvaða orsökum.

2.2 Grassláttur

2.2.1 Almenn

Sláttustig grassvæða eru tvö, sbr. töflu hér að neðan.

Sláttustig	Skilgreining vallar	Viðmiðsfjöldi slátta á viku
Sláttustig 1	Keppnisvellir	1-3
Sláttustig 2	Æfingasvæði/Keppnisvellir	1-2

Sjá nánar í meðfylgjandi sláttuáætlun.

Sláttutíðni viðkomandi sláttustigs tekur mið af tilgangi og notkun vallarins. Hér er um áætlaða sláttupörf að ræða. Fyrirséð er að sláttutíðni geti breyst t.d. aukist eða minnað m.t.t. grassprettu og leikáætlunar.

Þeim verkþáttum sem tilheyra viðkomandi sláttustigi er lýst hér að neðan. Við alla vinnu skal farið eftir neðangreindum verklýsingum (sjá nánar um sláttutíðni og magn í sláttuáætlun 2022 í tilboðsbók).

Gert er ráð fyrir að sláttur hefjist í lok apríl / byrjun maí, háð leikfyrirkomulagi og grasvexti.

Gert er ráð fyrir að slætti ljúki í síðustu viku september (viku 39-40) háð leikfyrirkomulagi og grasvexti.

Í upphafi hvers mánaðar skal bjóðandi senda vallarstjórum og fulltrúa verkkaupa yfirlit yfir áætlaða sláttudaga, til samþykktar, og skal áætlunin unnin með hliðsjón af mótaskrá KSÍ og sláttuáætlun verkkaupa, sbr. grein 2.1.8.

2.2.2 Aðalvellir – Keppnisvellir (sláttustig 1)

Um er að ræða keppnisvelli í samræmi við skilgreiningar, kröfur og reglur KSÍ, þar sem gerðar eru miklar kröfur um sléttleika yfirborðs og jafna sláttuhæð.

Aðeins er heimilt að nota valsasláttuvél, sbr. kröfur í grein 2.1.7.

Í undantekningartilfellum getur þurft að nota kargasláttuvél (Rotary mower) á keppnisvelli, t.d. ef grashæð er meiri en valsasláttuvél ræður við. Í þeim tilfellum skal notkun kargasláttuvélar samþykkjast af eftirlitsmanni.

Bjóðanda er ekki heimilt að nota aðrar vélar en hann tilgreinir í fylgigögnum og samþykktar voru af verkkaupa.

Sláttuhæð grassins skal vera 24-27 mm. Fyrstu slættir ársins skulu vera 27 mm en til greina kemur að lækka sláttuhæð þegar líður á tímabilið og slá niður í allt að 24 mm hæð. Óheimilt er að slá niður fyrir 24 mm nema í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Viðmiðunarfjöldi slátta er 1-3 skipti í viku (háð grasvexti og leikdögum) sjá sláttuáætlun 2022.

Keppnisvellir skulu slegnir á leikdögum eða daginn fyrir leikdag og skal tímasetningu hagað í samráði við vallarstjóra, m.a. þannig að vallarstjóra gefist nægilegur tími til frágangs fyrir leik. Bjóðandi skal í verkáætlun sinni miða við að sláttur vikunnar sé á leikdegi/-dögum eða daginn fyrir leikdag/-daga. Komi upp aðstæður þar sem vallarstjóri óskar eftir aukaslætti, t.d. vegna mikillar sprettu eða keppnisleiks, skal það samþykkt af fulltrúa verkkaupa. Verktaka er ekki heimilt að slá aukaslátt án heimildar frá fulltrúa verkkaupa.

Keppnisvellir skulu slegnir í beinum línunum, þvert á milli hliðarlína, hornrétt, og skal bjóðandi taka mið af línumerkingum vallarstjóra, t.d. miðjúlínu í upphafi sláttar. Ef merkingar eru ógreinilegar skal bjóðandi strengja línu, hornrétt, þvert yfir völlinn til að tryggja beina stefnu í slætti. Bjóðandi skal haga sláttustefnu á þann hátt að rákir/strípum myndist í grasinu og skal breidd á rákum/strípum vera jöfn í hvora átt. Breiddin á rákum/strípum skal ákveðin í samstarfi við vallarstjóra og með hliðsjón af lengd vallar og sláttubreidd vélar. Í hverjum nýjum slætti á svæði skal breitt um sláttustefnu, þ.e.a.s. grasið skal slegið úr gagnstæðri átt en í sömu breidd og með sama hætti og í síðasta slætti. Einnig skal slá grasið langsum, þ.e. eftir endilöngum vellinum að lágmarki 1x í mánuði og skal sá sláttur framkvæmdur á milli leikja (ekki á leikdegi eða daginn fyrir leikdag) ákveðið í samstarfi við vallarstjóra.

Grasslægja skal ekki hirt, þ.e. ekki skal slegið í skúffur eða safnara. Tíðni slátta skal vera með þeim hætti að lítil slægja sjáist að loknum slætti.

Magntölur og uppgjör: Greitt er fyrir hvern fermetra (m²) af slegnu grassvæði. Innifalið í einingaverði skal vera allur kostnaður, m.a. efni, vélar, flutningur og annað sem þarf til að fullgera verkið.

2.2.3 Æfingasvæði / Keppnisvellir (sláttustig 2)

Um er að ræða knattspyrnuvelli sem notaðir eru til æfinga en einnig eru spilaðir keppnisleikir á. Þessir vellir eru yfirleitt merktir skv. stærðarviðmiðum KSÍ.

Aðeins er heimilt að nota valsasláttuvélar, sbr. kröfur í grein 2.1.7.

Í undantekningartilfellum getur þurft að nota kargasláttuvél (Rotary mower), t.d. ef grashæð er meiri en valsasláttuvél ræður við. Í þeim tilfellum skal notkun kargasláttuvélar samþykkjast af eftirlitsmanni.

Bjóðanda er ekki heimilt að nota aðrar vélar en hann tilgreinir í fylgigögnum sbr. grein 2.1.7 og samþykktar voru af verkkaupa.

Sláttuhæð grassins skal vera 24-27 mm. Fyrstu slættir ársins skulu vera 27 mm en til greina kemur að lækka sláttuhæð þegar líður á tímabilið og slá niður í allt að 24 mm hæð. Óheimilt er að slá niður fyrir 24 mm nema í samráði við eftirlitsmann verkkaupa.

Viðmiðunarfjöldi slátta er 1-2 skipti í viku (háð grasvesti og leikdögum) sjá sláttuáætlun 2022.

Komi upp aðstæður þar sem vallarstjóri óskar eftir aukaslætti, t.d. vegna mikillar sprettu eða keppnisleiks, skal það samþykkt af fulltrúa verkkaupa. Verktaka er ekki heimilt að slá aukaslátt án heimildar frá fulltrúa verkkaupa.

Æfingasvæði / Keppnisvellir skulu slegnir í beinum línunum, samsíða merkingum vallarstjóra. Ef vellirnir eru ómerktir skal bjóðandi leitast við að slá í beinum línunum eins og kostur er. Í hverjum nýjum slætti á svæði skal breitt um sláttustefnu, þ.e.a.s. grasið skal slegið úr gagnstæðri átt en í sömu breidd og með sama hætti og í síðasta slætti. Einnig skal slá grasið langsum, þ.e. eftir endilöngum vellinum að lágmarki 1x í mánuði og skal sá sláttur framkvæmdur á milli leikja (ekki á leikdegi eða daginn fyrir leikdag) ákveðið í samstarfi við vallarstjóra.

Grasslægja skal ekki hirt, þ.e. ekki skal slegið í skúffur eða safnara. Tíðni slátta skal vera með þeim hætti að lítil slægja sjáist að loknum slætti.

Magntölur og uppgjör: Greitt er fyrir hvern fermetra (m²) af slegnu grassvæði. Innifalið í einingaverði skal vera allur kostnaður, m.a. efni, vélar, flutningur og annað sem þarf til að fullgera verkið.

2.3 Upplýsingar um velli

- Ungmennafélagið Fjölnir

- [Aðalvöllur:](#)
- [Æfingasvæði 1:](#)
- [Æfingasvæði 2](#)

- Fram

- [Safamýri](#)
- [Úlfarsárdalur](#)
- [Úlfarsárdalur](#) (nýr völlur) – Bætist hugsanlega við 2023

- ÍR

- [Aðalvöllur](#)
- [Æfingasvæði](#)

- Laugardalur

- [Kastsvæði](#)

- Leiknir

- [Aðalvöllur](#)
- [Æfingasvæði 1](#)
- [Æfingasvæði 2](#)

- Valur

- [Gamli völlur](#)

- Víkingur

- [Æfingasvæði](#)

- Þróttur

- [Þríhyrningur](#)
- [Suðurlandsbraut](#)
- [TBR](#)